

Ed. 97. Frumvarp til laga [85. mál]

um breyting á lögum nr. 94 20. maí 1976 um skráningu og mat fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:

Þrátt fyrir lokamálgrein 26. gr. laganna skal breyting á skráðu matsverði fasteigna í fasteignaskrá á árinu 1977 taka gildi frá og með 31. desember 1977. Skal matsverðið þannig breytt talið fasteignamatsverð til 1. desember 1978 nema sérstakt endurmat komi til.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gildistöku nýs fasteignamats verði á árinu 1977 frestað frá 1. desember 1977 til 31. dags þess mánaðar. Slík breyting er nauðsynleg vegna þess að sýnt er að ekki tekst að ljúka undirbúningi að framreikningi matsverðsins og frummati nýrra eigna fyrir 1. desember. Ein meginástæða þessarar tafar er að nokkrum sveitarfélögum hefur reynst erfitt að skila nauðsynlegum gögnum og upplýsingum til fasteignamats ríkisins á tilsettum tíma. Einungis er lagt til að frestunin gildi fyrir þetta eina ár, þar sem þess er vænst að byrjunarörðugleikar, sem tengdir eru árlegu fasteignamati, verði yfirstignir á næsta ári.